

**Nd.**

### **213. Nefndarálit**

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920, sbr. stjórnarskipunarlög 24. marz 1934 og 1. sept. 1942.

Frá minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Við álitum, að í þessu stjórnarskrárfrv. felist engin lausn á sjálfstæðismáli þjóðarinnar, enda mun það ekki talið af neinum.

Við álitum, að unnt sé að ganga frá stofnun lýðveldisins með einni samþykkt Alþingis, án þess að breyta þurfi fyrirfram vegna þeirrar ákvörðunar stjórnarskipunarlögum ríkisins.

Við teljum því frumv. það, er hér liggur fyrir, gagnslaust og lítum auk þess svo á, að eigi sé fært, að Alþingi nú heimili jafnvíðtækar breytingar á stjórnarskrá landsins og gera mætti eftir ákvæðum 1. gr. þessa frumv. Stjórnarskrárnefnd hefur hins vegar orðið sammála um að takmarka þá heimild, er í 1. gr. felst, við þær breytingar einar, er óhjákvæmilega leiðir af sambandslitum við Danmörku og stofnun lýðveldis á Íslandi. Verði þessi breytingartillaga samþykkt, munum við ekki greiða atkvæði á móti málinu, en með skirskotun til þess, er hér að framan greinir, sjáum við, eins og nú er komið, ekki ástæðu til að hafa frekari ihlutun um afgreiðslu þess.

Alþingi, 7. sept. 1942.

Jörundur Brynjólfsson,  
frsm.

Sveinbjörn Högnason.

Eysteinn Jónsson.

Gísli Guðmundsson